

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 575/2013 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsett af kostnaði vegna grátunna og blátunna. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærra tunnur í ákveðnum íbúðahverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorphirðugjöld:	Íbúðarhús:	Grátunna	Blátunna
		kr. 15.000	kr. 6.200

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnaði í sveitarfélaginu.

Sorpeyðingargjöld:	Íbúðarhúsnaði	kr. 19.900
	Sumarbústaðir	kr. 17.700
	Atvinnuhúsnaði	kr. 45.650

Sérstakt aukasorpgjald er innheimt vegna gá mavalla, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaði vegna gá mavalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarfélaginu skv. magntölum frá verktaka sorphirðu og gámasvæðis. Aukasorpgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekenda:

a. flokkur	kr. 34.100
b. flokkur	kr. 67.900
c. flokkur	kr. 101.700
d. flokkur	kr. 169.300
e. flokkur	kr. 225.300
f. flokkur	kr. 338.700
g. flokkur	kr. 452.700
h. flokkur	kr. 566.000
i. flokkur	kr. 679.200

4. gr.

Leiga á sorplátum.

Hrunamannahreppi er heimilt að leigja til bændabýla og fyrirækja ílát fyrir blátunna eða heila gáma fyrir heyplast, pappír eða almennan fyrirtækjaúrgang. Hrunamannahreppur sér um að koma ílátunum til notenda. Innifalið í leigu blátunnukara er losun þeirra á reglulegum dögum blátunnuhirðingar ef starfsemin er á sama hirðingarstað og blátunnur við íbúðarhús. Leigutakar þurfa sjálfir að sjá um tæmingu íláta eða semja um það sérstaklega við verktaka hreppsins ef um heila gáma er að ræða.

660 l blátunnukar:	kr.	1.500 á mánuði
1100 l blátunnukar:	kr.	2.500 á mánuði
Meðalstór gámur:	kr.	12.000 á mánuði
Gámur fyrir heyplast:	kr.	60.000 á ári

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af umhverfisnefnd Hrunamannahrepps þann 23. október 2016 og af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 3. nóvember 2016 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 2. desember 2016. Gjaldskráin tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1128/2015.

Hrunamannahreppi, 13. desember 2016.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2016